


# Afstöðumynd

1 : 500



| Samantekt til að setja á aðaluppdrætti | | |
|---|---|---|
| **Reiknað U-Gildi byggingarhluta** | | |
| Gluggar | 1,3 | W/m²K |
| Hurðir | 2,1 | W/m²K |
| Útveggur einangraður að innan og múrhúðaður | 0,33 | W/m²K |
| Botnplata | 0,20 | W/m²K |
| Þak | 0,15 | W/m²K |
| **Reiknað vegið meðaltal** | | |
| Vegið meðaltal veggja/glugga/hurða | 0,61 | W/m²K |
| **Reiknað varmatap á m² húss** | | |
| Varmatap á brúttó m² húss | 0,87 | W/m²K |

**BYGGINGARLÝSING:**

**Stekkjarberg 9**

Lóðarstærð: 6684,4 m²
Landnúmer: 123191
Staðgeinir: 1400-1-82700090
Bílastæði á lóð: á lóðinni eru 19 stæði þar af eitt gestastæði fyrir hreyfihamlaða. Stæðin framan við bílskúrana uppfylla líka þau skilyrði.

Leyfilegt byggingarmagn í á lóð 2416 m²
Nýtingahlutfall 0,36

Í fyrsta áfanga er sótt um:

| | | | |
|---|---|---|---|
| | *MHL 01* | *447,0 m²* | *1478,4 m³* |
| | *MHL 02* | *596,0 m²* | *1955,8 m³* |
| | *MHL 05* | *189,4 m²* | *558,7 m³* |
| *Samtals* | | ***1232,4 m²*** | ***3992,9 m³*** |

Í öðrum áfanga er sótt um:

| | | | |
|---|---|---|---|
| | *MHL 03* | *597,6 m²* | *1957,1 m³* |
| | *MHL 04* | *474,0 m²* | *1525,9 m³* |
| | *MHL 05* | *110,2 m²* | *316,1 m³ (seinni áfangi bílskúrs)* |
| *Samtals* | | ***2414,2 m²*** | ***7792,0 m³*** |

Á lóðinni Stekkjarberg 9 er fyrirhugað að reisa þrjú raðhús og eitt parhús.

Samþ í sept 2018: (MHL 01) raðhús, þrjár íbúðir, (húsnr. A, B og C). Hverri íbúð fylgir bílskúr (MHL 05)
Sótt um júní 2019:
1. Breyting - Einangra raðhús (MHL 01) að utan og breikka bílskúra (MHL 05) að götu (um 0,6m) og koma fyrir inntakarými á milli bílskúra.
2. Reisa raðhús (MHL 02) með fjórum íbúðum, (húsnr. D, E, F og G). Hverri íbúð fylgir bílskúr (MHL 05). Bílskúrar eru breikkaðir um 60 cm

Sótt um í Ágúst 2021
1. Reisa raðhús (MHL 02) með fjórum íbúðum, (húsnr. H, I, J og K). Hverri íbúð fylgir bílskúr (MHL 05).
2. Koma fyrir parhúsi (MHL 04) með innbyggðum bílkúr (Húsnr. L og M) parhúsið er breikkað og fer út fyrir byggingarreit sem nemur (60 cm) beggja vegna og er dýpkað um 30 cm

**Aðkoma.**
Aðkoma er frá Hlíðarbergi og inn á lóðina . Við íbúðargötu á lóðinni eru bílastæði og bílskúrar. Göngustígar eru meðfram götu og að raðhúsum. Parhús í enda götunnar er með innbyggðum bílskúrum.
**Aðgengi**
Húsið er ekki alfarið hannað á grundvelli algildrar hönnunar *(6.1.3. gr. Kröfur um algilda hönnun) og 1. mgr. um algilda hönnun hvað varðar byggingar samkvæmt c - og h- lið 1.* þar sem um hefðbundið tveggja hæða raðhús / parhús er um að ræða.
**Lýsing**
Raðhúsin eru tveggja hæða. Á neðri hæð er anddyri með snyrtingu, geymslu, eldhúsi og stofu. Frá stofu er gengt út á verönd. Á efri hæð er hol, baðherbergi með þvottaaðstöðu og fjögur svefnherbergi. Frá hjónaherbergi er gengið út á svalir. Hverri íbúðaeiningu fylgir bílskúr. Sorpskýli er við hverja íbúð.
**Sökklar og botnplata** eru steypt, og einangruð með 100mm einangrun.
**Útveggir** eru staðsteyptir, einangraðir að utan og klæddir með tré og álklæðningu. Litir eru náttúrulitir.
**Hitakerfi - loftræsting**
Hitakerfi er blanda af hefðbundnu ofnakerfi og hita í gólfi. Inntök rafmagns og vatns eru í inntakarými milli bílskúra. Kalt vatn er hitað með hitaveituvatni í gegnum varmaskipti. Hámarkshiti á töppunarstað skal ekki vera meira en 65°C. Gluggalaus rými baðhebergi/þvottahús og eldhús eru loftræst vélrænt samkv. 10.2.5. gr. byggingarreglugerðar. hver bílskúrseining er með gluggum.
**Svalir** eru úr steyptri plötu með stálhandriðum.
**Gluggar og útihurðir** eru úr tré. Allar útidyr í húsinu eru með hindrunarlausa umferðarmál a.m.k. 83 cm og 2,1 m. Gler í gluggum og hurðum sem er nær gólfi/ jörð en 60 cm er hert öryggisgler skv. reglugerð.
**þök** eru steypt með 250mm steinullareinangrun, og tveimur lögum af þakpappa. Ofan á pappanum er úthagatorf. Þakplötur eru steyptar með þakhalla að niðurföllum.
**Gólfniðurföll** eru í öllum votrýmum, staðsett á teikningum í mkv. 1:50
**Innveggir:** eru tvöfaldir gipsveggir með álstoðum, einagngraðir með steinull. Í kringum blautkjarna eru rakaþolnar gipsplötur.
**Stigar** á milli hæða eru steyptir með stálhandrið

**BRUNAVARNIR**
*Texti unninn af Mannviti hf. verkfræðistofu.*
**Forsendur brunavarna**
Brunavarnir í húsunum eru í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 með síðari breytingum. Húsin flokkast undir notkunarflokk 3 samkvæmt töflu 9.01 í byggingarreglugerð.
**Flóttaleiðir**
Flóttaleiðir verða í samræmi við gr. 9.5 í byggingarreglugerð, þ.e. að lágmarki eru tvær óháðar flóttaleiðir af hvorri hæð í öllum húsunum.
Af 1. hæð er útgengt um aðalinngang og úr stofu út á verönd. Af 2. hæð er stigi niður á 1. hæð og þaðan út á svalir. Auk þess er björgunarop út úr svefnherbergjunum.
**Brunaþol burðarvirkis**
Allt meginburðarvirki húsanna er úr járnbentri steinsteypu. Burðarvirkið hefur R 60 brunaþol. Burðarvirki þaks uppfyllir einnig R 60 brunaþol. Veggir milli húsa eru með REI 90 brunaþol. Svalir eru með R 60 brunaþol.
**Brunahólf**
Hver íbúð er í EI 90 brunahólfi. Hver bílskúr er í EI 60 brunahólfi.
**Klæðningar**
Allar klæðningar innanhúss verða að minnsta kosti í flokki 2. Gólfefni skal vera í $D_{fl}$-s1. Þak verður klætt með torfi. Það er talið ásættanlegt vegna þess að burðarvirki þaksins er úr járnbentri steinsteypu og hefur R 60 brunaþol sem er meira en nauðsynlegt er. Einnig eru steyptir þakkantar sem ná upp fyrir torfið og þakeinangrun er steinull. Utanhússklæðningar verða í flokki 1, smáfletir 20% af yfirborði veggja má vera með klæðningu í flokki 2 og þannig staðsett að sambrunahætta á milli íbúða sé ekki til staðar. Allar festingar verða úr A-efnum. Sorpskýli verða klædd að utan með viðarklæðningum en að innan með óbrennanlegum plötum t.d. Viroc eða sambærilegt.
**Handslökkvitæki**
Í öllum íbúðum skulu vera stakir reykskynjarar einn á hvorri hæð og handslökkvitæki.
**Reyklosun**
Reyklosun út úr íbúðunum verður í gegnum dyr og glugga.
**Viðhald og eftirlit**
Um eftirlit eiganda og forráðamanna með brunavörnum í húsinu gildir reglugerð nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit.

Burðarþols-, lagna- og rafteikningar verða lagðar inn til samþykktar

Samþykkt þann
22. SEP. 2021
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

SHS
21.09.2021




| ÚTGÁFA | DAGS | BREYTING | YFIRFARIÐ |
|---|---|---|---|
| B | 20.08.2021 | Sótt um MHL 03 og 04 | |
| A | 27.09.2019 | MHL 01 einangraður að utan. Sótt um MHL 02 og að koma fyrir inntakarýmum í MHL 05 | |

ASK arkitektar ehf
Geirsgötu 9 101 Reykjavík
Sími 515 0300 www.ask.is

ASK
ARKITEKTAR

ÁRITUN HÖNNUÐAR AÐALUPPDRÁTTA
Gunnar Örn Sigurðsson Arkitekt F.A.Í. Kt:130666-3379
gunnar@ask.is

VERKEFNI
Stekkjarberg 9
Hafnarfirði

TEGUND TEIKNINGAR
01-AÐALTEIKNINGAR
HEITI TEIKNINGAR
AFSTÖÐUMYND OG BYGGINGARLÝSING

MKV. Í A2: As indicated
HANNAÐ: GÖS
TEIKNAÐ: SLS GÖS
YFIRF.: SS
DAGS.: 11.09.2018

VERK NR.: 1411
AUÐKENNI - NÚMER TEIKNINGAR: 01-10-01
ÚTGÁFA: B

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR ER HÁÐ SAMÞYKKI ASK ARKITEKTA. EKKI SKAL MÆLA UPP AF TEIKNINGU.